

Til Umhverfisnefndar Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík 30. maí 2011

Vísað er í bréf dags 15. apríl 2011 þar sem umhverfisnefnd Alþingis óskar eftir umsögn Fuglaverndar við þingsályktunartillögu um fullgildingu Árósasamningsins (þingmál nr. 708) og frumvarpi um tengdar lagabreytingar.

Fuglavernd fagnar því að nú standi loks til að Íslendingar fullgildi Árósasamninginn sem tryggja mun betur aðkomu almennings - sem og frjálsra félagasamtaka á borð við Fuglavernd - að ákvarðanatöku um umhverfismál. Félagið gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna en leggur til að frumvarpinu verði breytt á þann hátt að það nái einnig til laga nr. 64/1994 og leyfisveitinga Umhverfisstofnunar á grundvelli þeirra, þar á meðal til að nota eiturog aðrar ólöglegar aðferðir við að drepa fugla.

Er þetta gert af gefnu tilefni. Sumarið 2007 veitti Umhverfisstofnun heimild til að nota eiturog til að drepa sílamáfa og kærði Fuglavernd þá ákvörðun til umhverfisráðherra sem taldi að félagið hefði ekki aðild að málinu og var því kærinni vísað frá. Hliðstætt dæmi er leyfisveiting UST á töku hrafntinnu úr Friðlandi að Fjallabaki. Sú ákvörðun var kærð og ráðherra úrskurðaði að viðkomandi hefði ekki aðild að málinu. Í kjölfarið var lögum um náttúruvernd breytt á þann hátt að hægt yrði að kæra leyfisveitingar UST.

Fuglavernd telur að stjórnvaldsákvarðanir UST á grundvelli laga nr. 64/1994 eigi hiklaust að vera kærnanlegar til æðra stjórnvalds og leggur því til að fyrrgreind lög falli undir ákvæði Árósasamningsins.

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndarfélags Íslands
Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri

Fuglaverndarfélag Íslands
fuglavernd@fuglavernd.is